



Mýrdalshreppur

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1617
komudagur 26.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um samgönguáætlun 2005-2008.doc

Vík, 26. apríl 2005

Undirrituðum hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008, 721. mál.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

Gr. 4.3.1

Skv. tillögunni er gert ráð fyrir að vegur 214 Kerlingardalsvegur verði skilgreindur tengivegur að Höfðabrekku í stað Kerlingardals eins og verið hefur. Þessu er hér með mótmælt og þess krafist að vegurinn sé tengivegur að Kerlingardal eins og verið hefur.

Í Kerlingardal eru 4 heimili þar af eitt vistheimili fyrir geðfatlað fólk. Íbúar í Kerlingardal eru 14 talsins. Frá Kerlingardal liggur gamli þjóðvegurinn inn Höfðabrekku- og Kerlingardalsheiðar og inn í Þakgil en sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur óskað eftir að sá vegur verði gerður að landsvegi og fært fyrir því rök. Sú ósk er í skoðun hjá Vegagerðinni um þessar mundir. Því væri hrein öfugþróun að gera þessar breytingar á tengivegi 214 Kerlingardalsvegi og varla í samræmi við Vegalög.

Þá er hér með lagt til að framlög til tengi- og safnvega verði aukin verulega. Að öðru leyti er vísað í umsögn samgöngunefndar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri